



Verkefni : Frá fátækt til athafna - Kjarnakonur

Styrkþegi: Reykjanesbær

Samantekt

Ör fjölgun hefur orðið á einstæðum foreldrum í Reykjanesbæ, fjöldi einstæðra foreldra í sveitarfélaginu hefur tvöfaldast á s.l. tíu árum. Helming þessarar fjölgunar má rekja til háskólasamfélagsins á Ásbrú.

Árið 2000 voru einstæðar mæður í sveitarfélaginu 376, en eru árið 2010, 685 talsins.

Hluti þessara ungu kvenna leitar til félagsþjónustu Reykjanesbæjar eftir fjárhagsaðstoð. Þessar ungu mæður hafa tilhneigingu til að festast í fátækragildru. Áberandi er vankunnátta á grundvallarþáttum daglegs lífs, heimilishaldi, heilbrigði og uppeldi. Einnig eiga þær erfitt með að greiða af húsnæði og standa straum af kostnaði við nauðsynleg innkaup til heimilisins þ.m.t. ýmsu er snýr að börnum þeirra. Menntunarstig þeirra er lágt og félagslegt net slakt. Nokkrar mæðranna hafa misst eða eiga á hættu að missa forræði yfir börnum sínum. Íhlutun mæðranna hefur beinst að því að kenna þeim grunnatriði daglegs lífs til að bæta lífskjör þeirra og barna þeirra. Mæðurnar hafa fengið leiðsögn og kennslu í: Sjálfstyrkingu, fjármálaráðgjöf, athöfnum daglegs lífs (eigin umsjá og heimilishald), fræðslu um næringu, hreyfingu og heilsu, fræðslu um foreldrahlutverkið og umönnun barna, kennslu í matreiðslu og einnig hafa þær fengið að taka þátt í skapandi starfi s.s. að vinna með skartgripi og gler. Verkefnið hefur gengið vel og eru allar konurnar komnar í áframhaldandi nám hjá Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum.

Project: From poverty to action – Resilient women

Grantee: Reykjanesbaer Municipality

Abstract

The last 10 years the number of sole parents has doubled in the municipality of Reykjanesbaer. Half of this increasment can be trailed to the new University at the old Nato base area – Ásbrú.

The year 2000 single mothers in the comunity were 367, and are in 2010 685.

Part of the mothers seek financial assistance or income supplements from the Municipality of Reykjanes. Those young mothers are in danger of getting trapped in poverty. There is an obvious ignorance among them in the field of activities of daily living, domestic skills, healthy life choices and upribringing of children. They experience difficulties in paying for their housing as well as buying supplies for their family.

The mothers educational level is low and they lack a social network. Few of the mothers are in danger of loosing custody of their children. The intervention has focused on teaching the them basic steps and values of daily living to improve their and their childrens quality of life . The mothers have had guiding in: Self-image support, financial advising, activities of daily living (grooming to domestic skills), lectures about neutrition, physical motion and health, parenting skills and nurturing. They have had cooking classes and creative courses such as working with glass and jewlery making.

The project has been a success and today all of the mothers have started further education at the Centre for continuous education in Reykjanesbaer.